

Til handhafa útboðsgagna nr. 15353 – Búnaður til klórgerðar í Árbæjarlaug

**Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.**

ÍTR- Árbæjarlaug gerir eftirfarandi rauðmerktar breytingar á útboðsgögnum:

Í kafla 0.1 Almenn lýsing útboðs bætist eftirfarandi við:

Innifalið í verði er búnaður til klórgerðar, klórtankur (safntankur) að réttri stærð og salt tankur fyrir pækil. Innifalið í verði er afhendingbúnaðar, uppsetning og frágangur og stilling á búnaði  
**Rekstur og þjónusta við búnaðinn í fjögur ár skal vera hluti af tilboði bjóðanda.**

Í kafla 3.1 Þjónusta, rekstur eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Þjónusta og rekstur í **fjögur þjá** ár frá því að búnaður er uppsettur í Árbæjarlaug skal vera hluti af tilboði bjóðanda. Þjónusta og rekstur innifelur eftirfarandi atriði:

1. Mánaðarlegt reglubundið eftirlit bjóðanda (framleiðenda) með búnaði í gegnum nettengingu.
2. Reglubundið viðhald sem framkvæmt er einu sinni á ári.
3. Reglubundið viðhald á þriggja ára fresti sem innifelur meira en árlegt viðhald.
- 4. Reglubundið viðhald fjórum árum frá uppsetningu búnaðarins, sem innifelur selluskipti**

**Í kafla 3.1 Þjónusta, rekstur er töflu yfir kostnað á ári 6-10 eytt og er taflan því nú ekki hluti útboðsgagna.**

**Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.**